

Jafnréttisnefnd Landspítala  
Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19.12.2019

**Efni: Framkvæmdaáætlun jafnréttismála fyrir árin 2020 – 2023 á þskj. 102 – 102. mál. Umsögn frá jafnréttisnefnd Landspítala.**

Jafnréttisnefnd Landspítala fagnar nýrri framkvæmdaáætlun jafnréttismála en vill leggja til að bætt verði eftirfarandi við D hluta áætlunarinnar, 15. grein:

Karlar og hjúkrun. Unnið verði markvisst að því að fjölga körlum í hjúkrunarfræði- og sjúkraliðanámi. Verkefnið gengur út á að breyta staðalímyndum hjá drengjum varðandi hjúkrun og sjúkraliðastörf með eftirfarandi aðgerðum:

- a) Gefin verði út barnabók sem sýnir karl hjúkrunarfræðing / sjúkraliða að sinna áhugaverðum störfum.
- b) Störf hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða kynnt fyrir 9. bekkjar strákum sama dag og 9. bekkjar stelpur fá kynningu á tæknistörfum.
- c) Markvissar kynningar á hjúkrunar- og sjúkraliðanámi í framhaldsskólum.
- d) Kennsluefni um staðalímyndir og störf við hjúkrun gert til að nota í kynjafræði í framhaldsskólum.
- e) Greining á hjúkrunar- og sjúkraliðanámi gerð m.t.t. hvort hægt sé að gera það áhugaverðara fyrir karla.
- f) Opinberar stofnanir og Jafnréttisstofa fari í verkefni um sumarstörf ungmenna, þar sem stefnt sé að því að umönnunarstörf séu mönnuð jafnt af báðum kynjum (eða a.m.k. í hlutfallinu 40/60).
- g) Gera þarf rannsóknir á körlum í umönnunarstéttum.

Rökstuðningur.

Aðeins um 3% hjúkrunarfræðinga og sjúkraliða eru karlar. Ísland er meðal þeirra landa sem eru með lægst hlutfall karla sem eru hjúkrunarfræðingar í heiminum, t.d. eru karlar um 10% hjúkrunarfræðinga í Noregi, Svíþjóð og Bandaríkjunum og 25% á Ítalíu.

Nútíma samfélag þarf að endurspeglar kynjajafnvægi í starfsstéttum og hefur t.d. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu farið í átak í þeim efnum og stefnir að því að a.m.k. 30% lögreglumanna verði

konur árið 2028. Um 82% starfsmanna Landspítala eru konur og hefur það hlutfall farið hækkandi undanfarin ár. Ímyndarherferðir sem Félag Íslenskra hjúkrunarfræðinga hefur staðið fyrir hefur ekki eitt og sér haft þau áhrif að fjölga karlmönnum í stéttinni, meira þarf til, það þarf að hafa áhrif á rót vandans sem eru staðalímyndir og launakjör. Það er mikill skortur á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum á Íslandi og það er mikilvægt að karlar sjái hjúkrunarstörf sem aðlaðandi starfsvettvang. Karlmenntukuhugmyndir íslenskra karla og staðalímyndir standa í vegi fyrir því að karlar velji sér áhugaverðan og mikilvægan starfsvettvang. Til að breyta því þurfum við markvissar aðgerðir.

Mikilvægt er að byrja á þessum stéttum en þó er þetta sama vandamál viðvarandi í fleiri heilbrigðisstéttum sem þarft er að taka á einnig með samsvarandi hætti.

Fyrir hönd jafnréttisnefndar Landspítala



Eygló Ingadóttir, formaður.